

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Mál nr. S-240/2025

Umsögn eingöngu send í gegnum samráðsgátt stjórnvalda.

Reykjavík, 17. desember 2025

Efni: Umsögn um áform um innleiðingu reglugerðar (ESB) 2025/2075, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar styttingu uppgjörstíma viðskipta með fjármálagerninga (T+1)

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) vísa til áforma um lagasetningu (T+1) til innleiðingar á reglugerð (ESB) 2025/2075 að því er varðar styttingu uppgjörstíma viðskipta með fjármálagerninga. Í samráðsgátt kemur fram að tímasetning innleiðingarinnar muni m.a. ráðast af framvindu ferlis við upptöku gerðarinnar í EES-samninginn, en jafnframt er stefnt að innleiðingu samhliða CSDR Refit-gerðinni.

Breytingin krefst aðlögunar ferla og uppfærslu fjármálainnviða sem við sögu koma í eftirviðskiptum, með tilheyrandi áskorunum við samhæfingu þvert á ólíka innviði og starfsemi. Umbætur á kerfum og ferlum geta orðið kostnaðarsamar. Fyrirhuguð lagasetning mun t.d. hafa áhrif á verðbréfamiðstöðvar, útgefendur, aðrar fjármálastofnanir og rekstraraðila markaðsinnviða, fjárfesta og Seðlabanka Íslands. SFF taka því undir með fjármála- og efnahagsráðuneytinu að óhjákvæmilegt er að undirbúa breytingarnar vel og tímanlega.

Vönduð umgjörð og lagasetning um fjármálastarfsemi eru forsendur fyrir skilvirkri og traustri fjármálastarfsemi, en SFF hafa lagt áherslu á að innleiðing evrópsks regluverks sé vönduð og tímanleg. Við innleiðingu skiptir máli að almenningur og fyrirtækin í landinu séu upplýst í tæka tíð um þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á löggjöf þannig að þeim gefist nægt svigrúm til að laga sig að breytingunum í tæka tíð, m.a. þegar breyta þarft tölvukerfum og aðferðum eins og í því tilfelli sem hér um ræðir.

Í áformum um lagasetninguna er greint m.a. frá vinnuhópi sem stofnaður hefur verið innan Seðlabanka Íslands í þeim tilgangi að undirbúa breytingarnar frá T+2 yfir í T+1 og innra samtali milli ráðuneyta. SFF vísa til umfjöllunar um helstu hagsmunaaðila, þar sem Seðlabankinn er talinn upp ásamt fleiri aðilum.

SFF leggja ríka áherslu á að hagaðilar á fjármálamarkaði og öðrum sviðum verði kallaðir að borðinu við fyrsta mögulega tækifæri. SFF mælast til þess að haghafar verði hafðir með í ráðum við innleiðingavinnu, enda búa hagsmunaaðilar oftast en ekki yfir haldgóðri þekkingu og reynslu sem nýst getur stjórnvöldum við innleiðingu flókinna tilskipana og gerða í íslenskan rétt. Með það fyrir augum að stuðla að árangursríkum og vönduðum innleiðingum er mikilvægt að stjórnvöld miðli upplýsingum á skilvirknan máta og leitist í auknum mæli eftir

aðkomu haghafa á fyrri stigum. Það er til mikils að vinna að innleiðing þessarar löggjafar gangi hnökralaust fyrir sig.

SFF eru reiðbúin að gera nánar grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,
f. h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur